



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



**SAMORKA**  
Samtök orku- og veitufyrirtækja

Nefndasvið Alþingis  
b.t. iðnaðarnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

4. febrúar 2008

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um upprunaábyrgð á raforku, 271. mál**

Frumvarpinu er ætlað að stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og skapa skilyrði fyrir viðskipti með upprunaábyrgðir á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum.

Samtök atvinnulífsins og Samorka gera eina athugasemd við frumvarpið. Skv. 5. grein, 1. mgr., skal umsækjandi senda Landsneti skriflega beiðni um útgáfu upprunaábyrgðar „í síðasta lagi 30 dögum frá lokum síðasta mánaðar þess tímabils sem upprunaábyrgð skal ná yfir.“ Nú er það svo að sala á slíkum grænum vottorðum á sér oft stað 1-2 árum eftir að framleiðslutímabili lýkur og því er hætt við að þessi stutti frestur vegna útgáfu vottorðanna yrði mjög hamlandi fyrir sölu slíkra vottorða frá Íslandi. Líkt og Landsvirkjun bendir á í sinni umsögn eru dæmi um mun víðari tímamörk í lögum í Noregi, Finnlandi og löndum Mið-Evrópu. Því er lagt til að tímamörk þessi verði tekin út úr lagafrumvarpinu svo að hægt verði í framtíðinni að óska hvenær sem er eftir upprunaábyrgð fyrir alla þá raforku sem framleidd hefur verið frá því lögin taka gildi.

Að öðru leyti telja Samtök atvinnulífsins og Samorka frumvarpið jákvætt fyrir íslensk orkufyrirtæki sem framleiða raforku úr endurnýjanlegum orkulindum.

Þess ber þó að geta að framkvæmdastjórn ESB kynnti nýverið svokallaðan „grænan pakka“ þar sem m.a. er í tilskipunardrögum fjallað um viðskipti með vottorð af þessu tagi. Frumvarpið sem hér er til umfjöllunar byggir hins vegar á núgildandi regluverki ESB í þessum efnunum en miðað við nýju tilskipunardrögin þá gæti þurft að breyta einhverjum formsatriðum innan fárra ára, til að tryggja sem bestan aðgang íslenskra raforkuframleiðenda að þessum markaði. Engar vísbendingar eru þó um að efnislegar breytingar muni þurfa að koma til.

Virðingarfyllst,

Pétur Reimarsson  
forstöðumaður stefnumótunar- og samskiptasviðs

Gústaf Adolf Skúlason  
aðstoðarframkvæmdastjóri